

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 17. september var haldinn 122. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Félagsmiðstöðinni Lönguhlíð 3 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Örn Þórðarson og Heiðrún Ólafsdóttir. Kristján Freyr Halldórsson boðaði forföll og sat Heiðrún Ólafsdóttir fundinn í hans stað. Hrefna Guðmundsdóttir boðaði forföll. Þá sat fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Gestir á fundinum voru, undir lið 1. Anna Hermansdóttir, Forstöðukona félagsmiðstöðinni Lönguhlíð 7, undir lið 2. Ævar Harðarson, verkefnisstjóri hverfisskipulags, undir lið 3. Þórólfur Jónsson, landslagsarkitekt F.Í.L.A. deildarstjóri Náttúru og garða hjá Umhverfis- og skipulagssviði.

Þetta gerðist:

1. Kynning á félagsmiðstöð í Lönguhlíð og Bólstaðahlíð.
2. Kynning á Hverfisskipulagi í Hlíðum og opnum íbúafundi 22.09.
3. Kynning á framtíðar skipulagi fyrir Klambratún.
4. Samantekt á verkefnum í Hlíðum. Frestað. Framkvæmdastýra sendir lista með verkefnum á Hverfisráðsmeðlimi fyrir næsta fund.
5. Opinn íbúafundur verður haldinn 8. október á vegum hverfisráðs Hlíða. Þar verður kynnt aðgerðaráætlun um bætt loftgæði og hljóðvist í Hlíðum. Framkvæmdastýru er falið að boða á fundinn fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs og formann umhverfis- og skipulagsráðs, Heilbrigðiseftirlitið, fulltrúa lögreglunnar og Vegagerðarinnar.
6. Tillaga að breytingum á leiðakerfi Strætó. Hverfisráð frestar umsögn. Framkvæmdastýru falið að óska eftir fresti. Óskað er eftir að kynning á breytingum á leiðakerfi Strætó liggi frammi á opnum íbúafundi á þriðjudag 22.09 á Kjarvalsstöðum og í vikunni á eftir. Framkvæmdastjóra falið að finna strætókort af Hlíðasvæðinu þar sem hægt er að skrá athugasemdir og prenta út gögn sem liggja munu frammi.
7. Hverfa- og afmælishátíð Hlíðaskóla 26.09 rædd. Styrkur veittur á vordögum.
8. Hverfisráð Hlíða óskar eftir að borgarráð og menningar- og ferðamálaráð í samráði við Listasafn Reykjavíkur hrindi af stað framkvæmd um nýtt listaverk á Klambratúni í stað höggmyndar af Einari Ben sem flutt var að Höfða og að sú vinna fari fram í góðum tengslum við Hverfisráð Hlíða. Hverfisráð leggur til að fram fari samkeppni um verkið og að verkið hafi tengsl við núverandi hlutverk túnsins sem vettvangur íbúa í hverfinu og borgarbúa allra, til útivistar, leiks og samveru. Framkvæmdastýru falið að senda erindið áfram til menningar- og ferðamálaráðs og borgarráðs.
9. Skýsla um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir kynningu á samantekt um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar og fagnar því að búið sé að kortleggja þjónustuna og greina hvar þörf er á úrbótum. Hverfisráð tekur undir mikilvægi þess að þjónustan sé skilgreind og hönnuð út frá íbúum og þörfum þeirra og sé sveigjanleg í samræmi við það. Hverfisráð óskar eftir að fá að fylgjast með þeirri vinnu sem framundan er við að bæta þjónustu og upplýsingaveitu og vera upplýst reglulega um stöðu mála.

Næsti fundur 15.október kl.17.

Fundi slitið kl. 19:30

Hilmar Sigurðsson
Heiðrún Ólafsdóttir

Margrét Norðdahl

Örn Þórðarson